

Nd.

## 249. Frumvarp til laga

[133. mál]

um breyting á lögum nr. 30 frá 1941, um fjarskipti.

Flm.: Magnús Kjartansson.

### 1. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist:

Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar frá 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Þegar ný útvarpslög voru samþykkt 1971 hlutaðist Alþingi til um þá breytingu á frumvarpinu að upp var tekin heimild til þess að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt almannatryggingalögum, væru undanþegnir afnotagjöldum. Þessi heimild hefur að sjálfsögðu verið hagnýtt, en þó að næsta takmörkuðu leyti. Munu undanþágur frá afnotagjöldum útvarps vera bundnar við þá eina sem njóta uppbótar á elli- og örorkulífeyri eins og hún var skilgreind í lögum 1963. Þeirri skilgreiningu hefur síðar verið gerbreytt með ákvæðum um tekjutryggingu, og er þess að vænta að menntamálaráðherra breyti reglunum um undanþágur frá afnotagjöldum útvarps í samræmi við almannatryggingalög eins og þau eru nú.

Tilgangur Alþingis með þessari breytingu á lögnum um útvarp var að gera öldruðu fólki og öryrkjum með afar lágar tekjur kost á að njóta útvarpssendinga sér til fróðleiks og dægrastyttingar. Hitt er ekki síður nauðsynlegt, að aldrað fólk og öryrkjar, sem eins er ástatt um, eigi þess kost að hafa síma. Á undanförunum árum hefur það færst mjög í vöxt að aldrað fólk búi eitt á heimilum sínum, oft fjarri ættingjum sínum og vinum. Það er brýnt fyrir þessa þjóðfélagsþegna og getur stundum verið lífsnauðsyn að hafa síma á heimilum sínum. Eina fyrirgreiðslan, sem Landssíminn veitir á þessu sviði, mun vera sú að Öryrkjabandalagið hefur fengið að úthluta 50 sínum til öryrkja sem búa einir og verða af heilsufarsástæðum að eiga þess kost að nota síma tafarlaust.

Rauntekjur aldraðs fólks og öryrkja hafa lækkað mjög á undanförunum mánuðum vegna mikilla verðhækkana sem ekki hafa verið bættar nema að óverulegu leyti. M. a. hafa afnotagjöld fyrir síma hækkað mjög stórlega. Hætta er á að afleiðingin verði sú að aldrað fólk og öryrkjar með lágar tekjur verði að segja upp sínum sínum og bjóða heim vaxandi einmanaleik og öryggisskort. Til þess að koma í veg fyrir að sú verði raunin er þetta frumvarp flutt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að undanþágan verði í heimildarformi og framkvæmdin ákveðin með reglugerð. Með samþykkt á slíkri heimild væri Alþingi að sjálfsögðu að lýsa vilja sínum og hver ráðherra mundi telja sér skylt að hlíta honum. Hins vegar þurfa reglugerðarákvæðin að tryggja að undanþágan verði ekki notuð af öðrum en þeim sem henni er ætlað að þjóna.